

KOMDU AÐ LEIKA!



Nafnið mitt

80cm

Hreyfi-Hvati

Leyfðu barninu að festa sjónar á Hvata – gott er að hrista hann aðeins til svo að hann fangi athygli þess og hreyfðu hann síðan hægt frá hægri til vinstri og vinstri til hægri. Talaðu við barnið á meðan og fylgstu með að barnið fylgi Hvata – hreyfi augu og höfuð.

Barninu þykir gaman að endurtaka sömu leikina aftur og aftur. Það hefur ánægju af því þegar Hvati hverfur og birtist svo aftur skyndilega. Þegar Hvati er látinn birtast á mismunandi stöðum örvar það hreyfingar barnsins, þá þarf það að snúa höfði, augum og jafnvel líkamnum öllum. Þetta má gera aftur og smátt tekur barnið meiri og meiri stöðum, spyrja og svara „Hvar er Hvati?“ „Hér er ég!“.

Þegar barnið eldist getur þú sett Hvata bak við þig eða undir dúk og spurt „Hvar er Hvati?“ og svarað þegar hann birtist „Hér er ég! Hér er ég!“

Krafta-Hvati!

Upp, upp, upp á fjall,
upp á fjallsins brún.
Niður, niður, niður, niður,
alveg niður á tún.

Syngdu eða farðu með vísuna um leið og þú tekur í báðar hendur barnsins í baklegu og togar það varlega upp í sitjandi stöðu. Láttu það svo síga rólega niður aftur. Smátt og smátt tekur barnið meiri þátt í hreyfingunni. Þegar barnið stækkar finnstu þú gaman að sjá þig leika sama leik við Hvata.

70cm

Bumbu-Hvati!

Til að hvetja barnið til að reisa höfuðið og nota hendurnar meðan það liggur á maganum er gott að nota litríkt leikfang eins og Hvata sem foreldrar geta hreyft til og frá og gefið rödd. Hvati getur horfið og komið aftur. Þó að barnið hafi enn ekki getu til að taka leikfangið horfir það og nýtur og smám saman getur það haldið höfðinu lengur uppi.

Velti-Hvati!

Þegar barnið er nokkurra vikna má velta því á magann og til baka aftur með því að stýra því um mjaðmir. Gerðu þjálfunina að leik með því að fara með vísuna hér fyrir neðan og gera hreyfingarnar með.

Vega salt! Vega salt! (haltu mjaðmir eða bogin hné barnsins og ruggaðu því)
Rístu, Nonni, hærri, hærri, (myrkðu hendur þess yfir höfuð)
hafðu bilið stærra, stærra,
farðu, Siggí, lægra, lægra, (réttu úr fótum)
lallaðu svona hægra, hægra, (taktu um mjaðmir)
undirlagið er svo valt. (veltu barninu)
Vega salt! Vega salt!
(ruggaðu því um mjaðmir og endurtaktu leikinn)

60cm

Ef leikurinn er endurtekinn reglulega verður barnið vant hreyfingunni og gæti verið farið að velta sér sjálf um 4-5 mánaða aldur.

Skyn-Hvati!

Notaðu fingurna til að ganga upp lítinn maga og upp í hálsakot, jafnvel frá tá og upp í hálsakot og hraðaðu för eftir því sem nær dregur hálsinum. Segðu um leið „Kemur maður gangandi upp í hálsakot“. Gaman er að nota Hvata í leikinn og segja þá „Kemur Hvati gangandi upp í hálsakot!“ Leyfðu barninu að „fanga“ Hvata þegar hann grúfir sig í hálsakoti þess. Leikurinn örvar skynjun barnsins og tilfinningu fyrir eigin líkama.

Snerti-Hvati!

Ég á augu, ég á eyru, ég á lítið skrytið nef.
Ég á augnabrunir og augnalok sem lokast er ég sef.
Ég á kinnar og varir rauðar og á höfði hef ég hár.
Eina tungu og tvö lungu og heila sem er klár.
Jóh. G. Jóh.

Snertu augu, eyru, munn og nef barnsins um leið og þú ferð með textann. Endurtaktu leikinn og hjálpaðu barninu að benda á líkamshluta á sjálfu sér, svo á Hvata og loks þér.

50cm

Fingra-Hvati!

Það tekur nokkurn tíma fyrir barnið þitt að átta sig á því að þessir skemmtilegu fingur, sem hreyfast annað slagið fyrir framan andlit þess, tilheyra því sjálfu.




Þumalfingur er mamma,
sem var mér vænst og best.
Vísifingur er pabbi,
sem gaf mér rauðan hest.
Langatöng er bróðir,
sem býr til falleg gull,
baugfingur er systir,
sem þrjónar sokka úr ull.
Litli fingur er barnið,
sem leikur að skel,
litli þínu anginn,
sem stækkar svo vel.
Hér er allt fólkið svo fagurt og nett.
Fimm eru á bænum,
ef talið er rétt.
Ósköp væri gaman
í þessum heim,
ef öllum kæmi saman
jafn vel og þeim.



40cm

Þessi datt í sjóinn, þessi dró hann upp.
Þessi bar hann heim, þessi horfði á
og litli putti spilamann
kjaftaði öllu frá.


Farðu með vísurnar hér að ofan og snertu eða strjúktu fingur barnsins um leið. Þó að barnið skilji ekki orðin eða leikinn hefur það ánægju af að hlusta á rödd þína, horfa á og skynja leikinn. Seinna þegar barnið verður stærra má krydda leikinn með því að snerta loppur Hvata fyrst og svo hendur barnsins og hjálpa því síðan að strjúka loppur Hvata og ófugt meðan farið er með vísurnar.



Handa-Hvati!

Klappa saman lófunum,
reka féð úr múnunum,
vinna sér inn bita,
láta ekki hann pabba vita.

Syngdu fyrir barnið og láttu Hvata klappa fyrir það. Endurtaktu svo leikinn með barninu og stýrðu hreyfingum þess, svo barnið læri hreyfinguna smátt og smátt. Gerðu þetta reglulega, barnið hermir þá eftir Hvata og nær meiri stjörn á hreyfingum sínum og aukinni samhæfingu. Seinna getur það sjálf látið Hvata klappa.



Tásu-Hvati!

Barnið heillast snemma af fótum sínum og tám.
Það fylgist með þeim, sparkar út í loftið,
tekur í tærnar og jafnvel stingur þeim upp í sig.
Velu hverri tá eða nuddaðu þær milli fingranna
um leið og þú syngur eða ferð með eftirfarandi:

30cm




Ein lítil, tvær litlar, þrjár litlar tásur,
fjórar litlar, fimm litlar, sex litlar tásur,
sjö litlar, átta litlar, níu litlar tásur,
tíu litlar tásur á börnum.

Ein angatá og tvær,
ósköp sætar eru flær,
þrjár og finar fjórar,
fimmta minnst – hinar stórar.

Fóta-Hvati!

Við skulum róa sjóinn á
að sækja okkur ýsu.
En ef hann krummi kemur þá
kallar hann á hana Dísu!



Kysstu iljar barnsins til skiptis og „róðu á sjóinn“, það er að segja beygðu og réttu fætur barnsins. Feldu svo andlit þitt bak við fætur þess – „bööö“ virðist alltaf jafn spennandi hljóð. Kíktu svo í gegn og segðu „kík, kík“ eða annað við barnið.

Ef Hvati er settur upp á annan fót barnsins verður leikurinn enn skemmtilegri og barnið getur hreyft Hvata með hjálp þinni.

HVATI BARNSSINS

